## TRAÐARLAND 1, ATHAFNASVÆÐI VÍKINGS



### GILDANDI DEILISKIPULAG TRAÐARLANDS 1, ATHAFNASVÆÐIS VÍKINGS,
samþykkt í borgarráði þann 18.06.2009
mkv. 1:2000





SNEIÐINGAR mkv. 1:1000

## TRAÐARLAND 1, ATHAFNASVÆÐI VÍKINGS



### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI TRAÐARLANDS 1, ATHAFNASVÆÐIS VÍKINGS
mkv. 1:2000





SNEIÐINGAR mkv. 1:1000

Skýringar:
- Mörk deiliskipulags
- Lóðamörk
- Byggingarreitur
- Göngustígar
- Hjólreiðastígar



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

## Greinargerð

### Núverandi ástand

Svæði Knattspyrnufélagsins Víkings, sem er í borgarhluta 5 og er skilgreint sem grænt svæði í aðalskipulagi, afmarkast af Traðarlandi að norðan, Landi gróðrarstöðvarinnar Mörk og Lækjarás að austan, göngustíg að vestan og nær að hluta til inn fyrir bæjarmörk Kópavogs að sunnan, sem byggist á samkomulagi milli Reykjavíkur og Kópavogs um afnot á u.þ.b. 10.000 m2 spildu. Heildarstærð svæðisins er því uþ.þb. 53.000 m2. Núverandi byggingar sem staðsettar eru við norð-austur mörk svæðisins eru annars vegar 1500,6 m2 vallarhús og hinsvegar 1.894,2 m2 íþróttahús eða samtals 3.394,8 byggðir m2. Graslagður keppnisvöllur er sunnan við vallarhúsið ásamt súku og stæðum fyrir u.þ.b. 2.500 manns austan megin við hann. 58 mablikuð bílastæði vestan megin við vallarhús eru áæltluð fyrir daglega notkun húsa og valla. Grasvöllur er vestanmegin við hús. Syðst á svæðinu er upplýstur gerfigrasvöllur. Gert er ráð fyrir 6 flóðlýstum tennisvöllum við vesturmörk svæðisins. Ennfremur er gert ráð fyrir að byggð verði ein hæð ofan á núvernadi vallarhús í samræmi við samþykkt byggingarnefndar frá 28.07.1988. Austan Stjörnugrófar eru álagsstæði. Leyfilegt nýtingarhlutfall er 0,087. Gert er ráð fyrir að svæðið sé girt af, en hlið fyrir almenna gönguumferð eru staðsett á suður og vestur mörkum svæðsisins og innan svæðis á norðurmörkum. Mesta leyfilieg hæð á girðingu er 2.5m.

| | |
|---|---|
| Helstu stærðir: | |
| Stærð svæðis: | 53.000 m2 |
| **Áður samþykkt:** | |
| Heildar byggingamagn á svæðinu (fullbyggt) með geymslu undir stúku: | 4.600 m2 |
| Áhorfendastúka/stæði: | 2.500 manns |
| Nýtingarhlutfall: | 0.087 |

### Tillaga að breyttu deiliskipulagi 21.04.2015:

Sótt er um heimild fyrir byggingareit fyrir varamannaskýli og fjölmiðlastand vestan keppnisvallar, andspænis stúku og miðjusett við völl eins og sýnt er á uppdrætti. Um er að ræða steypta byggingu; 24m á lengd og 4m á breidd. Miðbik byggingarinnar, 10m á breidd er allt að 6m á hæð og inniheldur geymslur á vallarhæð; blaðamannastúku á 2.hæð og á þaki mannvirkis eru upptökusvalir fyrir fjölmiðla. Til beggja handa eru 7m löng varamannaskýli með skyggni, allt að 3m há.

| | |
|---|---|
| **Breyting á deiliskipulagi:** | |
| Varamannaskýli/Blaðamenn: | allt að 60m2 |
| Nýtingahlutfall: | 0.087 |

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á emb.afgr.f.skipulagsftr. þann 13. maí 2016.

Tillagan var grenndarkynnt frá 12. apríl 2016 með athugasemdafresti til 10. maí 2016.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 9. júní 2016

Björn Axelsson

BREYTINGAR.

VERKHEITI
## TRAÐARLAND 1
BREYTING Á DEILISKIPULAGI
Knattspyrnufélagið Víkingur

VERK
Íþróttasvæði í Fossvogi
Blaðamannastúka /varamannabekkir

| | |
|---|---|
| MÁL: 1:1000/2000 /A1 | DAGS.: 21.04.2015 |
| HANNAÐ: HE | TEIKNAÐ: HE |
| YFIRFARIÐ: | |
| VERKNÚMER: 432-02 | TEIKNINGANÚMER: 0.1-01 |


T.ark
TEIKNISTOFAN ehf
ARKITEKTAR - BRAUTARHOLTI 6
105 REYKJAVÍK - ÍSLAND
SÍMI: 540 5700 - FAX: 540 5701
teiknistofan@tark.is - www.tark.is